



Tröllaskagaferð 21-24.júlí 2011

11.ferð

Nú stendur til að heimsækja norðurlandið að hluta til, nánar tiltekið frá Sauðárkróki og að Akureyri, en sá skagi er oftast nefndur Tröllaskagi.

Gróf lýsing; Fimmtudagur; Reykjavík-Sauðárkrókur-Hólar. Föstudagur;Þormóðsholt, Stóragarði-Lón-Siglufjörður. Laugardagur-Ólafsfjörður-Dalvík-Akureyri. Sunnudagur-Ystafell.

Fimmtudagur 21.júlí. Mæting 9.30.

Lagt af stað frá Reykjavík kl.10.00 fimmtudags morguninn 21.júlí frá Shell við Vesturlandsveg.

Stoppað verður í Borgarnesi, kaffi hjá Sæmundi Sérleyfishafa.

Ekið yfir Holtavörðuheiði, stoppað í Staðarskála í Hrútafirði.

Ekið yfir í Miðfjörð og stoppað í Gallerí á Laugarbakka.

Sveitamarkaður með sögualdarívafi er nú starfræktur í Grettisbóli á Laugarbakka.

Lögð er áhersla á að bjóða uppá vörur úr héraði eða með einhverja tilvísun í menningararfinn t.d. handverk og heimilisiðnaður sem byggir á hráefni úr héraði og fornum hefðum og minnum. Einnig matvæli sem unnin eru úr heimaþengnu hráefni og byggja að hluta á gömlum hefðum en eru gjarna færð í nútímabúning.

Ekið sem leið liggur að Blönduósi, stoppað þar.

Ekið á Sauðárkrók, stoppum í Glaumbæ.

Bærinn í Glaumbæ er samstæða þrettán húsa. Níu þeirra opnast inn í göng sem svo eru kölluð og eru mjór gangur, sem liggur frá bæjarðyrum til baðstofu, sem er aftasta húsið í húsaþyrpingunni. Sex húsanna snúa gaflí/burstum að hlaði og hægt að ganga inn um þau þaðan. Þetta eru kölluð framhúsin. Inn í eitt bakhúsanna, sem svo eru kölluð, er hægt að ganga og eru það bakdyr bæjarins þar sem heimilsifólk gekk vanalega um.

Fyrsta sýning safnsins var opnuð þar þann 15. júní árið 1952 og fjallaði hún, þá sem nú, um mannlíf í torfbæjum. Glaumbær er í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Starfssvæði Byggðasafns Skagfirðinga, sem er elsta byggðasafn landsins, er allur Skagafjörður og í dag er safnið með bækisstöðvar á nokkrum öðrum stöðum í héraðinu.

Ekið að Hólum í Hjaltadal. Þar verður gíst á tjaldsvæðinu. Einnig er rekin þar gístþjónusta þar sem hægt er að fá herbergi með svefnpokaplássi eða uppábúnu rúmi. Tjaldsvæðið er skjólgott, enda er þar mikil skórækt. Tilvalið er að kíkja á Bjórsetrið þegar búíð er að koma sér fyrir. Einnig er Hægt að kíkja á Hóladómkirkju, Auðunarstofu eða Nýjabæ (gamli torfbærinn).

Á Hólum en einnig sundlaug.

Skammt frá Hólum er bærinn Víðnes, þar skilst mér að séu einhver ökutæki sem lokið hafa störfum sínum.

Skjólgott tjaldsvæði í fallegum og sögufrægum dal. Gisting og veitingarekstur við tjaldsvæðið.

Gönguleiðir, sundlaug, Hóladómkirkja, fornleifauppgröftur, Sögusetur íslenska hestsins og Biskupasýning.

Verðskrá:

Fullorðnir krónur 800,- nóttin.

Eldri borgarar krónur 600,- nóttin.

Frítt fyrir börn 14 ára og yngri.

Hólar í Hjaltadal eru bær, kirkjustaður og skólasetur í Hjaltadal í Skagafjarðarsýslu. Þar var settur biskupsstóll þegar norðlendingar kröfðust þess að fá sinn eigin biskup til mótvægis við biskupinn í Skálholti. Fyrsti biskup á Hólum var Jón Ögmundsson. Á Hólum var löngum rekinn skóli og prentsmiðja var starfrækt þar lengi. Aðalhöfn fyrir Hóla fram að siðaskiptum var Kolbeinsárós (Kolkuós). Þar komu að landi þau skip sem biskupsstóllinn átti í förum á miðöldum. ofan Hóla er staður sem heitir Gvendarskál, þar gæti verið gaman að ganga um kvöldið. Sagan segir að Guðmundur Goði hafi lagt leið sína þarna upp daglega til að ná betra sambandi við yfirmann sinn, þarna uppi er steinn sem kallaður er altarið.

Föstudagur 22.júlí. Brottför kl.10.00

Komið við hjá Presti í Þormóðsholti, þar er mikið af ökutækjum á beit sem vert er að skoða.

Þaðan er síðan ekið að Stóragerði í Skagafirði, þar ætlum við að heimsækja mikinn féлага okkar hann Gunnar, þar er hann búin að setja upp mikið og fallest bíla og tækjasafn sem engin má missa af að skoða.

Stoppað næst á Hofsósi og heimsókn í Vesturfarasetrið.

Vesturfarasetrið á Hofsósi var stofnað 1996 til heiðurs Íslendingum sem fluttust til Norður Ameríku á árabílinu 1850-1914. Markmið Setursins er að segja sögu fólksins sem fór og efla tengslin milli afkomenda þeirra og frændfólksins á Íslandi. Vesturfarasetrið býður upp á fjórar sýningar í þremur húsum auk ættfræðiþjónustu, bókasafn, íbúð fyrir fræðimenn og fleira. Sýningar Setursins varpa ljósi á erfiða stöðu fólksins í landinu og skýra ákvörðunina um að flytjast búferlum til Vesturheims. Gestir Setursins fá tækifæri til að afla sér upplýsinga um málefnið og fræðast af starfsfólki og sérfræðingum sem starfa á Setrinu.

Þaðan ætlum við svo að aka sem leið liggur að Lónskoti á Höfðaströnd. Þar sem alltaf mikið og stór útíjald á sumrin, og mikið að skoða. Einnig er þar oft markaður.

Í Lónskoti er að finna stærsta samkomutjald landsins, Tjald galdramannsins.

Tjaldið er um 600m2 og 11m þar sem það er hæst. Þar hafa sveitamarkaðir verið haldnir í hverjum mánuði í mörg ár; sem og ættarmót, svo eitthvað sé nefnt.

Einnig er gaman að skoða Draugaþorpið í Haganesvík.

Haganesvík er vík og áður lítið kauptún í Fljótum í Skagafirði. Mikil útgerð var í Fljótum fyrr á öldum, ekki síst hákarlaútgerð, og í Haganesvík voru lengi þurrabúðir. Haganesvík varð svo löggiltur verslunarstaður árið 1897 og Einar Guðmundsson bóndi á Hraunum, flutti þangað árið 1901 verslun sem hann hafði áður haft heima hjá sér frá 1879. Seinna var hann verslunarstjóri Gránufélagsins til 1910. Hinar sameinuðu íslensku verslanir tóku svo við rekstrinum og ráku verslun sína til 1922, en frá árinu 1919 varkaupfélag, Samvinnufélag Fljótamanna, starfandi í Haganesvík og rak þar verslun fram á 8. áratug 20 aldar. Þá sameinaðist það Kaupfélagi Skagfirðinga, sem rak verslunina áfram.

Í Haganesvík var líka reist sláturhús og frystihús. Höfnin er ótrygg, enda fyrir opnu hafi, en steinsteypt bryggja var gerð árið 1951. Póstafgreiðsla og símstöð var í Haganesvík og einnig félagsheimili. Hnignun Haganesvíkur hófst þegar vegarstæðið var fært á núverandi stað, þá varð staðurinn úr leið og ekki leið á löngu þar til verslunin var færð að Ketilási. Nú eru aðeins nokkur íbúðarhús eftir í Haganesvík. Þaðan eru þó gerðar út nokkrar trillur.

Síða er næst akstur inn á Siglufjörð. Þeir sem eru á jeppum geta farið Siglufjarðarskarð en hinir fara út fyrir og aka strákagöng.

Skoðum Síldarminjasafnið á Siglufirði.

Síldarminjasafnið er stærsta sjóminja- og iðnaðarsafn landsins. Í þremur ólíkum húsum kynnumst við síldveiðum og vinnslu á silfri hafsins.

Í Bátahúsinu liggja skip og bátar við bryggjur þar sem hafnarstemningin frá því um 1950 er endursköpuð. Róaldsbrakki er gamla norska söltunarstöðin og þar er flest eins og áður, vistarverur síldarstúlkanna, kontórinn og vinnuþlássið. Á góðum sumardögum er þar sýnd síldarsöltun, harmonikkan þanin og slegið er upp bryggjuballi. Í Bátahúsinu og bræðsluminjahúsinu Gránu fara tíðum fram tónleikar og listsýningar.

Í Gránu er safn um sögu bræðsluðnaðarins sem löngum hefur verið kallaður fyrsta stóriðja Íslendinga. Þar hefur verið komið upp lítilli síldarverksmiðju frá 1935-40.

Síldarminjasafnið hlaut Íslensku safnverðlaunin árið 2000 er þau voru veitt í fyrsta sinn og Evrópuverðlaun safna árið 2004, Michletti verðlaunin.

Ætlunin er að gista á tjaldsvæðinu á Siglufirði.

Tjaldsvæði Siglufjarðar er staðsett í miðbænum við torgið og smábátabryggjuna. öll þjónusta, affreyning og söfn eru í 5-10 mínútna göngufæri.

Upplýsingar fyrir ferðamenn í Fjallabyggð er að finna á <http://www.fjallabyggd.is/is/ferdafolk>

Verðskrá:

700,- krónur á mann

500,- krónur fyrir öryrkja og eldri borgara.

Frútt fyrir börn undir 12 ára.

Rafmagn krónur 300,- nóttin.

Þvotta- og þurrkaðstaða kostar 250,- krónur.

Laugardagurinn 23.júlí. Brottför kl.10.00

Félagar úr Bílaklúbbi Akureyrar ætla að koma til okkar á Siglufjörð og aka með okkur þennan dag inn á Akureyri.

Ekið í gegn um nýju göngin að Héðinsfirði, þar ætlum við að stoppa. Kaffi.

Ekið á Ólafsfjörð. Heimsækjum Náttúrgripasafnið.

Náttúrgripasafn Ólafsfjarðar er fyrst og fremst fuglasafn og þykir mjög gott sem slíkt. Safnið býr yfir allflestum fuglategundum landsins, en einnig er þar að finna eggjasafn, vísi að plöntusafni, ísbjörn sem skotinn var á Grímseyjarsundi, refi í greni, geithafur, krabba og fleira. Náttúrgripasafni Ólafsfjarðar var komið upp árið 1993 og hefur vaxið stöðugt síðan. Ari Albertsson fuglaáhugamaður stoppaði upp megnið af fuglum safnsins og sá um uppsetningu þess.

Heimsókn í slökkvibílasmiðju Sigurjóns

Ekið þaðan á Dalvík. Byggðasafnið á Dalvík.

Byggðasafnið á Dalvík er staðsett í Hvoli við Karlsrauðatorg og er fræðandi og skemmtilegt safn.

Hefðbundið minjasafn. Munir safnsins eru flestir af heimilum á Dalvík, Svarfaldardal og nærliggjandi byggðum. Þarna eru ýmis áhöld og innanstokksmunir frá fyrri tíð sem að vitna um þróun verkmenningar á Dalvík og nágrenni og sögu byggðarinnar. Eining eru hér haganlega gerðir skrautmunir af ýmsum toga unnir af hagleiksfólki á svæðinu.

Náttúrgripasafn. Í fuglaherbergi safnsins eru yfir 100 tegundir uppstoppaðra fugla. Nú nýlega hefur þessi hluti safnsins verið gerður upp. Stórt kort af Friðlandi svarfdæla hangir á vegg og þar má sjá hvaða fuglar verpa þar og /eða hafa viðkomu á svæðinu. Ísbjörninn vekur alltaf ánægju gesta, eins refirnir og hin dýrin. Hér er líka grasasafn, skeljasafn, eggja – og steinasafn.

Mannasafn. Tveir þjóðþekktir svarfdælingar eiga sínar stofur á safninu. Þar ber að nefna Jóhann Svarfdæling sem eitt sinn var hæsti maður heims. Hann hefur nú fengið meira rými á safninu og lögd er áhersla á að kynna manninn Jóhann en ekki einungis risann. Í stofum Jóhanns er hægt að tylla sér niður og horfa á heimildamynd um hann eða skoða hvornig myndir hann tók sjálfur. Þarna er hægt að máta eftirlíkingar af skóm Jóhanns sem eru nr. 62 og kaupa eftirlíkingu af hring hans.

Dagurinn endar á því að aka inn á Akureyri, þar er stefnt á að gista á Tjaldsvæðinu.

Við endum síðan laugardaginn á því að skoða nýja mótörhjólasafnið á Grundargötu 6.

Mótörhjólasafni Íslands er ætlað að sýna og varðveita sögu mótörhjóla á Íslandi í máli, munum og myndum ásamt því að varðveita minningu Heidda og það spor sem hann skyldi eftir sig á hjólamenningu landsmanna. Auk hefðbundinnar safnastarfsemi er hugmyndin að skapa athvarf fyrir hjólafélk hvort heldur Akureyringa eða annað hjólafélk á ferð um landið. Meðal þess sem starfrækt verður í tengslum við mótörhjólasafn Íslands er minjagripasala, ráðstefnu/veislusalur, vetrargeymsla á hjólum, sölusýningar og samstarf við umboð, þrifaðstaða fyrir hjól, kaffitería, umferðafræðsla og námskeið, fundaraðstaða ásamt öðrum hugsanlegum jaðarrekstri.

Tjaldsvæðið á Akureyri - Hamrar
Hamrar v/Kjarnaskóg
600 Akureyri

Sími 461 2264
Netfang hamrar@hamrar.is
Vefur <http://www.hamrar.is>

Stórt og glæsilegt tjaldsvæði staðset í föggu umhverfi undir klettunum sunnan og ofan Akureyrar. Tjaldsvæðið er staðsett í útjaðri útivistarsvæðisins í Kjarnaskógi. Frábærar gönguleiðir. Stutt í alla þjónustu á Akureyri Svæðinu er skipt upp í 17 tjaldflatir sem flestar eru 3-4000 fm. Á flestum flötum er aðgangur að rafmagni. Góð salernisaðstaða er á svæðinu og aðgangur að sturtum, þvottavél, þurrkara, eldhúsi og setustofu.

Á staðnum er leiksvæði, bátaleiga, risa-fótboltaspil, golfvöllur

Verðskrá:

Verðskrá 2011 hefur ekki verið uppfærð.

Sunnudagur 24.júlí. Brottför kl.12.00

Ferð á Ystafell fyrir þá sem vilja.

Heimferð frjáls

Umsjón ferðar Gunnar Örn Hjartarson s.897-4585

Vinsamlegast athugið að viðkomustaðir geta breyst vegna veðurs eða ef við sjáum eitthvað áhugaverðara til að skoða.

Ekki verður þó um breytingar á náttstöðum að ræða.